

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 45

við Stjórnartíðindi EB

6. árgangur

21.10.1999

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

99/EES/45/01	Ályktanir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar samþykktar á grundvelli 11. og 13. reglu starfsreglnanna á 12. fundi nefndarinnar í Keflavík 16. mars 1999 1
	4. Ráðgjafarnefnd EES
99/EES/45/02	Ályktun ráðgjafarnefndar EES frá 11. mars 1999 um atvinnu- og félagsmálastefnu 9
99/EES/45/03	Ályktun ráðgjafarnefndar EES frá 11. mars 1999 um umhverfismálastefnu: Viðvangsefni og forgangsverkefni 14
99/EES/45/04	Ályktun ráðgjafarnefndar EES frá 11. mars 1999 um forgangsverkefni og áskoranir í tengslum við undirbúning á stækkun Evrópusambandsins 16
99/EES/45/05	Ályktun ráðgjafarnefndar EES frá 11. mars 1999 um aðgerðaáætlun fyrir innri markaðinn og yfirlitstöflur framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) 18

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

99/EES/45/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1711 – Tyco/Siemens) 22
99/EES/45/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.18 – Chronopost/Correos) 23

99/EES/45/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1703 – Phelps Dodge/Asarco)	23
99/EES/45/09	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1681 – Akzo/Nobel/Hoechst Roussel Vet)	24
99/EES/45/10	Tilkynning um samninga um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/E-2/37.644)	24
99/EES/45/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1430 – Vodafone/Airtouch)	25
99/EES/45/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1526 – Ford/Kwik-Fit)	25
99/EES/45/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1594 – Preussag/Babcock Borsig)	26
99/EES/45/14	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1699 – TPG Bacchus/Bally)	26
99/EES/45/15	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 13.9. til 1.10.1999	27
99/EES/45/16	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	28
3. Dómstóllinn		
99/EES/45/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	30
99/EES/45/18	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	31

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA ÞINGMANNANEFNDIN

ÁLYKTANIR SAMEIGINLEGU EES-ÞINGMANNANEFNDARINNAR

99/EES/45/01

samþykktar á grundvelli 11. og 13. reglu starfsreglnanna á 12. fundi nefndarinnar í Keflavík 16. mars 1999

ÁLYKTUN

um ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins árið 1998

Sameiginleg þingmannanefnd Evrópska efnahagssvæðisins:

- í samræmi við hlutverk hennar sem kveðið er á um í 4. mgr. 95. gr. EES-samningsins,
 - leggur áherslu á að EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES séu ekki þriðju ríki hvað viðkemur málefnum innri markaðarins heldur fullgildir þátttakendur,
 - hefur í huga að mikilvægt er að viðhalda einsleitni á EES, ánægð með aukinn fjölda lagatexta sem teknir hafa verið til meðferðar, en áhyggjufull vegna uppsafnaðra óafgreiddra mála,
 - bendir á að upplýsinga- og samráðsferlið sem kveðið er á um í EES-samningum er EFTA-ríkjunum nauðsynlegt tæki við mótun sameiginlegra reglna,
 - minnir á ályktun sína um framkvæmd EES-samningsins árið 1994 (samþykkt 29. maí 1995), árið 1995 (samþykkt 3. júní 1996), árið 1996 (samþykkt 14. apríl 1997) og árið 1997 (samþykkt 25. maí 1998),
- fagnar skýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir árið 1998 og er sammála því almenna mati að EES-samningurinn gangi vel;
 - fagnar endurskoðun á málsmeðferðarreglunum sem framkvæmdastjórnin og EFTA-skrifstofan tókust á hendur og sem hefur leitt til þess að eftirlit með gerðum sem stofnanir EES hafa til meðferðar hefur batnað;
 - mælist til við báðar stoðirnar að þær tryggi að ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar verði hraðað enn frekar til að afgreiða megi allar uppsafnaðar ákvarðanir fyrir árslok 1999; og takist það ekki beri sameiginlegu nefndinni að gefa sameiginlegu þingmannanefndinni sérstaka skýrslu vorið 2000, þar sem hún gerir nákvæma grein fyrir eðli vandans;
 - varar við að hvers kyns skortur á einsleitni innri markaðarins á EES, þegar ESB verður næst stækkað, kann að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi markaðarins;
 - harmar fyrirstöðuna í ráðinu á að afgreiða drög að ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um að taka upp lyfjalöggjöf ESB (þar með talin þátttaka EFTA í EMEA) og krefst tafarlausra samþykktá;

6. fagnar skuldbindingu EFTA að verja meira fé í þýðingar á íslensku og norsku;
7. fagnar aukinni þátttöku EFTA-stoðarinnar í mótun ákvarðana, en fer þess á leit við EFTA að samtökin taki á skipulegan hátt til greina aukid vægi Evrópuþingsins við setningu laga í ESB;
8. vekur með velþóknun athygli á samþykkt á I. viðauka um heilbrigði dýra og plantna sem fellir 644 gerðir inn í samninginn eftir tveggja ára undirbúning;
9. vísar til ályktunar sinnar um að ganga frá bókun 3 sem dagsett er 25. maí 1998 og mælist til við samningsaðila að þeir fullgeri bókun 3 við fyrsta tækifæri og skýri sameiginlegu EES-þingmannanefndinni nákvæmlega frá þróuninni á þessu sviði þegar hún kemur saman í 13. skipti;
10. metur yfirlýsinguna frá starfandi forseta sameiginlegu EES-nefndarinnar á 11. fundi sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar, í kjölfar ályktana sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar um frjálsa för launþega frá 25. maí 1998, um frjálsa för fólks í Liechtenstein, og mælist til að viðkomandi aðilar leysi málið. Hafi þetta mál ekki verið leyst fyrir 13. fund sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar, mælist hún til þess við sameiginlegu nefndina að hún skýri sér nákvæmlega frá málinu á fundinum;
11. lætur í ljós áhyggjur yfir neikvæðum áhrifum á EES-samninginn sem rekja má til lagalegs ágreinings um þróunarsjóðinn, leggur að samningsaðilum að finna skjóta lausn hvað varðar þróunarsjóðinn til að tryggja góða framkvæmd EES-samningsins, en telur að sjóðurinn hafi verið bráðabirgðaráðstöfun sem átti að taka enda í árslok 1998;
12. fagnar áframhaldandi viðleitni til að efla tengsl milli aðila vinnumarkaðarins, einkum á fundinum í Reykjavík í júní 1998, fagnar frekari viðræðum um hugsanlega aðild EFTA að starfi Evrópustofnunarinnar um öryggi og hollustu á vinnustöðum;
13. mælist til að sameiginlega nefndin haldi áfram að upplýsa sameiginlegu þingmannanefndina um hugsanleg áhrif fullgildingar Amsterdam-sáttmálans á EES-samninginn og haldi áfram að kanna hugsanleg áhrif á samninginn á meðan undirbúningi á stækkun ESB/EES stendur;
14. mælist til að sameiginlega nefndin skili skýrslu um áhrif af þátttöku EFTA í ákvörðunarmótun ESB fyrir haustfund sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar 1999;
15. krefst samráðs milli sameiginlegu þingmannanefndarinnar og Evrópuþingsins um aðferð til að auðvelda nánari tengsl, eins og fjallað er um fyrir í skýrslunni.

ÁLYKTUN**um einsleitni Evrópska efnahagssvæðisins**

Sameiginleg þingmannanefnd Evrópska efnahagssvæðisins:

- A. í samræmi við hlutverk nefndarinnar sem kveðið er á um í 4. mgr. 95. gr. EES-samningsins,
 - B. gerir sér ljóst að markmið EES-samningsins, sbr. 1. gr. (markmið og meginreglur), sé að „stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði“,
 - C. gerir sér ljóst að einsleitt EES felur í sér að einstaklingar og atvinnurekendur á svæðinu sem samningurinn tekur til skuli meðhöndlaðir á sama hátt, án tillits til þess hvort lög ESB gilda beint eða fyrir tilstilli EES-samningsins,
1. veitir því athygli að yfirlitstöflur innri markaðarins í nóvember 1998 sýna verulegar framfarir í framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar fyrir innri markaðinn;
 2. fagnar reglulegri og samtíma birtingu yfirlitstafna innri markaðarins, bæði frá framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA, og vekur athygli á að í þeim séu sambærilegar tölur fyrir marga vísbenda;
 3. fagnar því að upplýsingar um framvindu á umsetningu á ESB-lögum í landslög EFTA-ríkjanna, sem aðild eiga að EES, séu felldar inn í þriðju yfirlitstöflu framkvæmdastjórnarinnar;
 4. skorar á framkvæmdastjórnina og Eftirlitsstofnun EFTA að fella allar tiltækar og viðeigandi upplýsingar um EFTA-ríkin, sem aðild eiga að EES, inn í samsvarandi hluta yfirlitstöflu framkvæmdastjórnarinnar til að auka gagnsæi;
 5. skorar á Eftirlitsstofnun EFTA að útvíkka matið á frammistöðu EFTA-ríkjanna, sem aðild eiga að EES, á innri markaðinum, með því að nota aðferðir við eftirlit og skýrslugjafir, sem gera kleift að bera saman upplýsingar og birta um leið og yfirlitstafla framkvæmdastjórnarinnar er gefin út;
 6. leggur að framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA að þrýsta áfram á aðildarríkin um að draga úr þeirri seinkun sem hefur orðið á að taka löggjöf um innri markaðinn upp í innlend lög og reglugerðir;
 7. skorar á sameiginlegu EES-nefndina að halda áfram að finna leiðir til að draga úr seinkuninni sem orðið hefur á að fella viðeigandi EES-löggjöf inn í samninginn;
 8. leggur að EFTA-ríkjunum, sem aðild eiga að EES, að útvega það sem til þarf til að tryggja skilvirka þýðingaþjónustu og, þar sem við á, skjóta málsmeðferð til að auðvelda fullgildingu þingsins;
 9. skorar á sameiginlegu EES-nefndina að meta hvort ný málefni í tengslum við Maastricht og Amsterdam skuli tekin upp í EES-samninginn til að auðvelda einsleita túlkun og beitingu á svæðinu;
 10. leggur að Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórninni að vera á varðbergi í hlutverki sínu sem verðir innri markaðarins, í ljósi hugsanlegra tilrauna að mynda hindranir, sem svar við þrýstingi frá sameiginlegu myntinni og stækkun ESB;
 11. leggur að framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA að fylgja sömu stefnu þegar þær ákveða að hefja málsmeðferð vegna brota;

12. skorar á EES-ráðið að hvetja stjórnvöld í EES-rikkjunum 18 að efla upplýsingastarfsemi um réttindi og skyldur á innri markaðinum og styrkja samræmingarmiðstöðvar og tengiliði sem komið hefur verið á fót samkvæmt aðgerðaáætluninni fyrir innri markaðinn til að auðvelda svörun og lausn mála.

ÁLYKTUN**um öryggi matvæla á EES**

Sameiginleg þingmannanefnd Evrópska efnahagssvæðisins:

- A. gerir sér ljóst að löggjöf ESB um matvæli fellur undir EES-samninginn,
- B. leggur áherslu á mikilvægi einsleitni á Evrópska efnahagssvæðinu,
- C. leggur áherslu á mikilvægi neytendaverndar og örugga öflun matvæla,
- D. vísar til sammingsins um aðgerðir á sviði dýraheilbrigðis og plöntuverndar (SPS) sem gerður var samkvæmt rammareglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO),
- E. gerir sér ljóst mikilvægi grænbókar framkvæmdastjórnarinnar um matvælalöggjöf og tilkynningar hennar um heilbrigði neytenda og öryggi matvæla,
- F. gerir sér ljóst mikilvægi þess að einfalda og samræma löggjöf og auka gagnsæi til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins,
- G. veitir athygli endurskipulagningu á stofnunum framkvæmdastjórnarinnar, eflingu skoðunar- og eftirlitskerfa og aðskilnaði þessarar starfsemi frá löggjafarstarfseminni,
 1. fagnar nýrri aðferð við stefnumótun á sviði matvæla sem miðar að því að vernda heilsu neytenda;
 2. leggur áherslu á mikilvægi heilstæðrar, skynsamlegrar og neytendavænnar löggjafar;
 3. undirstrikar mikilvægi réttra upplýsinga til neytenda;
 4. undirstrikar að nauðsyn er á skilvirku opinberu eftirliti og fullnustu;
 5. leggur áherslu á mikilvægi meginreglunnar um varúðarráðstafanir;
 6. leggur ríka áherslu á þörfina á að iðnaðurinn, framleiðendur og birgjar beri fyrst og fremst ábyrgð á öryggi matvæla;
 7. fagnar hugtakinu „frá plógi til disks“: innra eftirlitskerfi á öllum stigum í fæðukeðjunni þar sem ábyrgð allra er skýrt afmörkuð;
 8. er þeirrar skoðunar að herða verði mjög eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum og útvíkka það þannig að það taki til skoðunar á ýmsum viðmiðum við framleiðslu, svo sem hreinlæti, góðum aðbúnaði dýra og virðingu fyrir umhverfinu, sem og til eftirlits með innflutningi á lifandi dýrum til slátrunar;
 9. styður eflingu á hlutverki visindanefnda sem veita ráðgjöf á sviðum er varða öryggi neytenda;
 10. hvetur til þess að settar séu strangar reglur um skepnufóður og sýklalyf innan EES, einkum um upplýsingar um magn innihaldsefna;
 11. krefst þess að EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, verði boðið að taka þátt í öllum vinnuhópum og leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að EFTA taki þátt í þessari starfsemi á vettvangi stjórnsýslunefnda og vinnuhópa framkvæmdastjórnarinnar;
 12. krefst virkar pólitískar eftirfylgdar með „grænbók framkvæmdastjórnarinnar um matvælalöggjöf“ og tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar um „heilbrigði neytenda og öryggi matvæla“ og undirstrikar nauðsyn þess að EFTA-ríkin, sem aðild eiga að EES, eigi náð samstarf um þessi mál til að koma í veg fyrir að ólíkum stefnum sé fylgt;

13. ítrekar að brýn þörf er á varúðarráðstöfunum innan EES í tengslum við mat á beiðnum um að markaðssetja erfðabreyttar lífverur sem á að taka upp í fæðukeðjuna og krefst skýrrar auðkenningar á erfðabreyttum matvælum eða innihaldsefnum í matvælum með því að nota samræmda, tæmandi og lýsandi merkimiða á matvæli sem heimilt er að selja;
14. leggur að aðilum að EES-samningnum að nýta nýjustu og fullkomnustu vísindarannsóknir til að móta raunverulega matvælastefnu til að vernda neytendur og heilbrigði þeirra sem og til að efla traust þeirra;
15. leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að varðveita sérstök einkenni innlendra eða svæðisbundinnar matvælaframleiðslu á þann hátt að það stofni ekki í hættu heildarheilbrigðismarkmiðum.

ÁLYKTUN**um neytendamál á EES**

Sameiginleg þingmannanefnd Evrópska efnahagssvæðisins, að teknu tilliti til eftirfarandi:

- A. innri markaðurinn og *EES-samningurinn* hafa veruleg áhrif á neytendur,
 - B. efling neytendaverndar er eitt af meginmarkmiðum ESB (3. gr. *stofnsáttmála Evrópusambandsins*),
 - C. ákvæði 153. gr. Amsterdam-sáttmálans eflir neytendavernd,
 - D. ákvæði 72. gr. EES-samningsins varðar neytendavernd,
1. leggur ríka áherslu á að EES/EFTA-ríkin séu snemma höfð með í ráðum þegar nýjar tilskipanir sem varða hagsmuni neytenda eru ræddar í ESB;
 2. leggur ríka áherslu á að sem flestar tilskipanir er varða réttindi neytenda beri að semja sem tilskipanir um grundvallarlágmarksstaðla;
 3. fer fram á að ESB, ef um er að ræða áreikstra milli neytendaverndar og frjálsra vöruflutninga, að virða sem framast er kostur þá innlendu löggið sem setur strangari reglur;
 4. leggur ríka áherslu á mikilvægi skýrra og upplýsandi merkimiða;
 5. leggur áherslu á þýðingu öflugs ESB-kerfis um vistmerkingar, sem einnig virðir núverandi innlend kerfi um vistmerkingar;
 6. biður EES að hafa náið eftirlit með að ESB-tilskipunum um vöruöryggi sé fylgt og að vörum sem ekki uppfylla staðla sé ekki hleypt inn á markaðinn;
 7. biður ESB og EES/ EFTA-ríkin að vernda hagsmuni neytenda í samningum og ákvarðanatöku á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO);
 8. fagnar nýsamþykktari aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir árin 1999 til 2001;
 9. leggur áherslu á mikilvægi nýrra almennra rammaákvæða um starfsemi bandalagsins í þágu neytenda og fagnar hugsanlegri þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í áætluninni;
 10. minnr á mikilvægi fjármálaþjónustu við neytendur og leggur áherslu á að tilskipanir sem verða samþykktar síðar verndi neytendur á EES að öllu leyti;
 11. krefst skjótrar samþykktar á tillögum um sölu á neytendavörum og tengdum ábyrgðum;
 12. undirstrikar mikilvægi þess að EES/EFTA-ríkin rannsaki gaumgæfilega nýsamþykktu tillögu um rafræn viðskipti.

ÁLYKTUN**um stækkun ESB og áhrif hennar á EES**

Sameiginleg þingmannanefnd Evrópska efnahagssvæðisins:

- A. gerir sér ljóst að ný aðildarríki ESB verða að eiga aðild að EES samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 128. gr. EES-samningsins; og vekur einnig athygli á yfirlýsingu forseta ESB-ráðsins í mars 1998 um að öll ný aðildarríki ESB verði að samþykka alla gildandi samninga ESB,
 - B. gerir sér ljóst að ESB leiði í raun einnig stækkunarviðræður fyrir hönd EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES,
 - C. fagnar stækkun EES sem leiðir af stækkun Evrópusambandsins og telur að hún muni auka efnahagslega velmegun á svæðinu; veitir athygli á að eftir væntanlega stækkun verði EES stærsta fríverslunarsvæðið í heiminum,
 - D. gerir sér ljóst að innganga þriggja fyrrverandi EFTA-ríkja í Evrópusambandið var tiltölulega auðveld vegna sambærilegs efnahags, en svo er ekki hvað varðar nýju umsóknarríkin,
 - E. er þeirrar skoðunar að jafnvel þó stækkun verði öllum þátttakendum til hagsbóta sé ekki hægt að útloka tímabundna erfiðleika, hvorki í umsóknarríkjunum né í þeim löndum sem þegar eiga aðild að EES, þar sem mörg fyrirtæki munu mæta nýrri og öflugri samkeppni með stækkuðu EES; telur að aukin samkeppni kunni annars vegar að útrýma fyrirtækjum og hins vegar gera öðrum fyrirtækjum kleift að auka umsvifin,
 - F. gerir sér ljóst að, jafnvel þótt mestu tímabundnu erfiðleikarnir muni verða í tengslum við frjálsa flutninga á landbúnaðarvörum og vinnuafli, kunni frelsi í fjármagnsflutningum og þjónustustarfssemi einnig að skapa tímabundin vandamál og að sama kunni að eiga við um stefnu í orkumálum,
 - G. veitir með velþóknun athygli á að EFTA-ríkin, sem aðild eiga að EES, hafa uppfyllt fjárhagslegar skuldbindingar sínar sem kveðið er á um í bókun 38 varðandi heildarmagn lána og styrkja,
 - H. er þeirrar skoðunar að þróunarsjóðnum sem kveðið er á um í 115.-117. gr. EES-samningsins hafi lokið í árslok 1998, og að það sé engin lagastoð í samningnum fyrir aukningu á lán- og styrkveitingum umfram það sem skýrt er kveðið á um í bókun 38,
1. mælist til að framkvæmdastjórnin og ráðið upplýsi EFTA- ríkin, sem aðild eiga að EES, um stöðu aðildarviðræðna;
 2. mælist til að EFTA-ríkin greini hugsanleg áhrif af ESB-aðild samstarfslanda sem þau hafa gert fríverslunarsamninga við og skorar á alla aðila að tryggja að innganga þeirra hafi eins lítill neikvæð áhrif á fríverslun og mögulegt er, sem og á fríverslun milli EFTA-ríkjanna og núverandi samstarfsaðila þeirra í fríverslun;
 3. mælist til að framkvæmdastjórnin meðhöndli tímabundna erfiðleika af fyllstu gætni og geri viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir sem geta dregið úr neikvæðum áhrifum stækkunar, án þess að förna ávinningnum af samrunanum;
 4. fer fram á við sameiginlegu EES-nefndina að hún semji skýrslu um áhrif stækkunarinnar á EES-samninginn eins fljótt og auðið er;
 5. mælist til að EFTA-ríkin, sem aðild eiga að EES, séu að meginreglu til jákvæð gagnvart því að taka þátt í að fjármagna samræmd sameiginleg átaksverkefni við að draga úr félagslegu og efnahagslegu misvægi milli umsóknarríkjanna og núverandi ríkja EES þegar að stækkun kemur;
 6. leggur að samningsaðilum að kveða skýrt á um fresti og heildarstyrkfjárhæðir í framtíðarsamningum um ný fjárframlög sem um getur í 5. gr. til að forðast hugsanlegar rangtúlkningar.

RÁÐGJAFARNEFND EES

ÁLYKTUN

99/EES/45/02

RÁÐGJAFARNEFNDAR EES

frá 11. mars 1999

um

ATVINNU- OG FÉLAGSMÁLASTEYFNU

I. HLUYI: ATVINNUMÁL(*)

1. INNGANGUR

- 1.1 Ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins (ráðgjafarnefnd EES) er skipuð fulltrúum helstu hagsmunahópa á sviði atvinnu- og félagsmála í EES-aðildarríkjunum átján. Nefndin er í forsvari fyrir launþega, atvinnurekendur og ýmsa hagsmunahópa í þessum löndum og er hluti af stofnanakerfi EES.
- 1.2 Í maí 1997 samþykkti ráðgjafarnefndin ályktun um atvinnuleysisvandann á EES. Nefndin fagnaði sérstaklega áformum um að fella nýjan kafla um atvinnumál inn í sáttmálann, sem hún taldi skref í átt að efnahagsmálafestnu sem fæli í sér markvissa viðleitni til að auka atvinnu í Evrópu.
- 1.3 Áætlunin frá því í maí 1997 varð að raunveruleika þegar leiðtogafundurinn í Amsterdam samþykkti að fella kafla um atvinnumál inn í sáttmálann. Þessi mikilvæga þróun veitir öllum þeim sem hrjáðir eru af atvinnuleysi nýja von. Þar til nýlega voru aðildarríki Evrópusambandsins þeirrar skoðunar að stefna í atvinnumálum heyrði fyrst og fremst undir innanríkismál. Nú þegar mörg aðildarríki eiga við fjöldaatvinnuleysi að stríða, verða menn æ sannfærðari um að frekari samræming innan Evrópu geti aukið vægi þeirra stefnumiða sem hrundið er í framkvæmd í ríkjunum.

2. BREYTTAR FORSENDUR

- 2.1 Ákvarðanirnar sem leiðtogaráðið samþykkti á fundinum í Amsterdam í júní 1997 gera kleift að hraða stefnumótun á sviði vaxtar og atvinnu í Evrópu.
- 2.1.1 Í 2. gr. sáttmálans er skýrt kveðið á um að eitt af meginmarkmiðum Evrópusambandsins sé hátt atvinnustig.

(*) Framsögumaður: Josly Piette – Efnahags- og félagsmálanefndin (Belgía – Samtök kristilegra stéttarféлага í Belgíu).

2.1.2 Í hinum nýja kafla um atvinnumál er m.a. kveðið á um að:

- Aðildarríkin og bandalagið skuli vinna að því að þróa samræmda stefnu í atvinnumálum (125. gr.);
- atvinnustefnumiðin sem aðildarríkin hrinda í framkvæmd verði að vera í samræmi við almennar leiðbeiningar um stefnu í efnahagsmálum (1. mgr. 126. gr.);
- bandalagið stuðli að háu atvinnustigi með því að hvetja til samvinnu milli aðildarríkanna og með því að styðja aðgerðir þeirra og ef þörf krefur bæta við þær (127. gr.);
- ráðið skuli, með auknum meirihluta, ár hvert semja leiðbeiningar sem aðildarríkin skulu taka tillit til við stefnumótun í atvinnumálum. Þessar leiðbeiningar verða að vera í samræmi við almennar leiðbeiningar um stefnu í efnahagsmálum (128. gr.);
- ráðið geti, með auknum meirihluta, beint tilmælum til aðildarríkanna á grundvelli árlegrar úttekta á framkvæmd stefnumiða aðildarríkanna í atvinnumálum (128. gr.);
- ráðinu sé heimilt að samþykkja hvetjandi ráðstafanir sem miða að því að efla samvinnu aðildarríkanna og styðja aðgerðir þeirra á sviði atvinnamála, með frumkvæði sem miðar að því að þróa upplýsingaskipti og bestu framkvæmd, með því að láta í té samanburðargreiningar og ráðgjöf, og jafnframt með því að stuðla að nýjungum og meta reynslu, einkum á grundvelli tilraunaverkefna (129. gr.).

2.1.3 Í álit⁽¹⁾ sem samið var við undirbúning aukaleiðtogafundarins í Lúxemborg um atvinnumál fagnaði efnahags- og félagsmálanefndin þeim tengslum sem samningurinn kom á milli leiðbeininganna um atvinnumál og leiðbeininganna um efnahagsmál. Nefndin hvatti til þess að almennu leiðbeiningarnar um efnahagsmál, sem samdar eru ár hvert, og fram til þessa hafa einkum snúist um peningaleg og fjárlagatengd markmið, yrðu í framtíðinni útvíkkaðar þannig að þær næðu yfir víðtækara svið félagslegra og efnahagslegra málefna sem tengdust hagvexti og atvinnu.

Fyrsta áfanga, að semja leiðbeiningar um atvinnumál, sem fylgt var eftir með innlendra aðgerðaáætlun frá hverju aðildarríki, var náð til bráðabirgða með mati sem fram fór á leiðtogafundinum í Cardiff (júní 1998) og Vín (desember 1998). Ítarlegra mat mun væntanlega fara fram í desember 1998 á leiðtogafundinum í Vín.

Á þessu stigi málsins vill ráðgjafarnefnd EES leggja áherslu á þann lærdóm sem draga má af þessu og vekja athygli á tilteknum sviðum sem eru áhyggjuefni.

3. FYRSTA MAT OG TILLÖGUR

3.1 Málsmeðferðin sem grundvallast á nýja kaflanum um atvinnumál varðar ekki aðeins núverandi aðildarríki Evrópusambandsins, heldur kann hún einnig að skipta öll aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins máli.

EFTA-ríkin hafa verið beðin um að taka afstöðu til leiðbeininganna. Þrátt fyrir að atvinnuleysisvandinn sé ekki jafn alvarlegur í þessum ríkjum og í aðildarríkjum Evrópusambandsins kunna aðgerðir sem t.d. miða að því að auka möguleikann á aðlögun að vinnumarkaðinum, eða hvetja til framtakssemi, samt sem áður að skipta máli fyrir öll EES-ríkin átján. Því gætu EFTA-ríkin haft hag af því að kynna sér leiðbeiningarnar og innlendu aðgerðaáætlanirnar og bera þær saman við stefnumið í atvinnumálum sem þau sjálf fylgja. Þetta ætti að gera bæði EFTA-ríkjunum og aðildarríkjum ESB kleift að skiptast á upplýsingum, svo hægt sé að skilgreina þau svið sem gera þeim kleift að læra hvert af öðru.

3.2 Málsmeðferðin sem nú gildir um leiðbeiningarnar verður óhjákvæmilega þróuð frekar. Ráðgjafarnefnd EES vill taka fram að ein meginforsenda þess að ná árangri sé full þátttaka aðila vinnumarkaðarins. Þetta skilyrði var ekki uppfyllt sem skyldi í fyrstu atrennu við að hrinda í framkvæmd ferlinu sem hófst í Lúxemborg. Í ákveðnum aðildarríkjum var mjög lítið samráð haft við aðila vinnumarkaðarins við gerð innlendra aðgerðaáætlana. Í mörgum tilvikum mátti rekja vandann til tímaskorts. Í framtíðinni ættu aðilar vinnumarkaðarins að taka fullan þátt í að móta kaflann um atvinnumál.

(¹) Álit Evrópska atvinnumálaráðsins frá 1. október 1997 (Stjtið. EB C 355 frá 21.11.1997).

- 3.3 Efnahags- og félagsmálanefndin vakti athygli á því í álitinu sínu í október 1997 að önnur mikilvæg forsenda fyrir árangri fælist í náninni samræmingu almennu leiðbeininganna um efnahagsstefnu og leiðbeininganna um atvinnumál. Áætlunin um þjálfun starfsfólks er gott dæmi um það. Ekki nægir að þjálfar starfsfólk. Átak í starfsþjálfun skilar því aðeins raunverulegum árangri að nægilega mörg störf séu sköpuð.
- 3.4 Almennu leiðbeiningarnar um stefnu í efnahagsmálum sem ráðið samþykkti fyrir árið 1999 vísa oftast en áður til atvinnumála. Þó er þessi viðleitni enn ófullnægjandi og herða verður á henni. Í framtíðinni verður enn að auka samræmingu þessara tveggja lykilaðgerðaáætlana, þ.e. leiðbeininganna um atvinnumál og almennu leiðbeininganna um stefnu í efnahagsmálum. Í þessu sambandi leggur nefndin áherslu á þá staðreynd að sköpun starfa er nátengd efnahagslegum og lagalegum rammaákvæðum sem hvetja fyrirtæki til uppbyggingar og vaxtar, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki. Störf verða til í arðbærum og samkeppnishæfum fyrirtækjum.
- 3.5 Þegar framkvæmdastjórnin mat fyrst innlendu aðgerðaáætlanirnar tók hún til þess að lítið hefði verið gert af því að hrinda ákvæðnum leiðbeiningum í framkvæmd. Aðildarríkin verða því að gera átak til þess að ráða bót á þessu.
- 3.6 Ráðgjafarnefndin vill vekja athygli á mikilvægi jafnra tækifæra. Framkvæmdastjórnin leggur réttilega áherslu á að fyrstu innlendu aðgerðaáætlanirnar tóku ekki á þessu sem skyldi. Ráðgjafarnefndin telur að til þess að meginreglan um jafnrétti kynjanna skili árangri verði að taka hana upp og hrinda henni í framkvæmd með tilliti til allra stöða leiðbeininganna, en megináhersla verði áfram á sérstaka stöð, til hagsbóta einstaklingum, viðskiptum og þjóðfélaginu í heild.

II. HLUTI: FÉLAGSMÁLASTEFNA(*)

1. INNGANGUR

- 1.1 Í júní 1998 samþykkti ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins (ráðgjafarnefnd EES) að semja sameiginlegt álit um stefnu í atvinnu- og félagsmálum.
- 1.2 Ákvæðnar framfarir hafa átt sér stað í kjölfar Amsterdam-sáttmálans, sem hefur að geyma ný ákvæði um atvinnu og nýjar valdheimildir þegar félagsmálstefnan er annars vegar.

2. NÝ ÁKVÆÐI OG FRAMFARIR

- 2.1 Sáttmálinn styrkti félagsmálstefnuna með því að:

- fella **félagsmálabókunina** í heild inn í megintexta sáttmálans,
- **útfæra atkvæðagreiðslu með auknum meirihluta** til fleiri sviða atvinnulífsins,
- efla **samráð aðila vinnumarkaðarins**. Aðilum vinnumarkaðarins er heimilt að taka frumkvæði á vettvangi bandalagsins og skal samningum sem þeir gera sín á milli „*hrundið í framkvæmd annaðhvort í samræmi við gildandi málsmeðferð og starfsvenjur aðila vinnumarkaðarins og aðildarríkjanna eða með ákvörðun ráðsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ef undirritunarríkin fara fram á slíkt í sameiningu.*“ (118. gr. b).

(*) Framsögumaður: Wei Chen - EFTA (Noregur – Norsk stéttarfélagasamtök).

2.2 Ákveðnar framfarir hafa þegar átt sér stað til að mæta hinni styrktu félagsmálastefnu sem komið var á með sáttmálanum og til að virkja drifkraftinn á félagsmálasviðinu sem fylgdi nýrri atvinnumálastefnu í Evrópu.

- Í apríl 1998 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins **aðgerðaáætlun á sviði félagsmála fyrir árin 1998-2000**. Forgangsverkefni sem kveðið er á um í þessari áætlun eru flokkuð undir þrem fyrirsögnum: „atvinna, hæfni og hreyfanleiki“, „breytingar í atvinnulífínu“ og „þjóðfélag sem miðar að aðlögun“.
- Til að efla samráð aðila vinnumarkaðarins birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í maí 1998 orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar með yfirskriftinni: „**Aðlögun og efling samráðs aðila vinnumarkaðarins á vettvangi bandalagsins**“. Í henni er kveðið á um ýmsar lykilaðgerðir undir fyrirsögnunum „upplýsingar“, „samráð“, „atvinnusamtök“ og „samningaviðræður“.
- Aukið samráð aðila vinnumarkaðarins stuðlar að gerð lögbundinna rammásamninga á vettvangi bandalagsins, sem þegar hefur skilað árangri í samningarviðræðum um „**tímabundin störf**“.

3. ALMENNARATHUGASEMDIR

3.1 EES-ráðgjafarnefndin fagnar nýjum ákvæðum og valdheimildum í Amsterdam-sáttmálanum sem einnig kveður á um tiltekin skilyrði sem gera kleift að styrkja stefnu í atvinnu- og félagsmálum.

3.2 Nefndin fagnar því að **félagsmálabókunin** hafi verið felld inn í megintexta sáttmálans og telur að þar með hafi meiriháttar árangur náðst á sviði félagsmálastefnu í Evrópu. Nefndin fagnar einnig þeirri staðreynd að **útfærsla á atkvæðagreiðslu með auknum meirihluta** til sviða er varða atvinnulíf muni stuðla að örrí þróun á þessum sviðum.

3.2.1 Félagsmálabókunin gerir ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins gegni mikilvægu hlutverki við að móta stefnu Evrópusambandsins í félagsmálum. Til er orðinn lagarammi til að gera evrópska samninga sem síðan má samþykka sem tilskipanir ráðsins.

3.2.2 Samkvæmt þessari málsmeðferð hefur ráðið samþykkt sem tilskipanir tvo samninga um foreldraorlof og hlutastörf, en aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki náð saman um upplýsingaskipti og samráð fyrirtækja. Nefndin telur að sáttmálinn bæti nýrri vídd við markmið félagsmálabókunarinnar og myndi sterkari lagastoð til að byggja á aðgerðir samkvæmt félagsmálastefnunni. Á næstu árum mun frekari félagsmálalöggjöf væntanlega eiga rætur í samningum aðila vinnumarkaðarins í Evrópu. Vandmeðfarir félagsleg málefni kunna að verða auðleystari í samningaviðræðum en í pólitíska ferlinu innan valdastofnana Evrópusambandsins, með árangri sem líklega verður auðveldara að aðlaga þörfum atvinnulífsins.

3.2.3 Samningaumleitunir um „**tímabundin störf**“ er annað dæmi um þessa málsmeðferð. Eftir tíu mánaða samningaviðræður voru drög að rammásamningi Evrópusamtaka verkalyðsfélaga (ETUC), samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtaka fyrirtækja með opinbera eignaraðild (CEEP), um tímabundin störf samin 14. janúar 1999. Aðilar vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum taka þátt í samningaviðræðunum sem aðilar að ETUC og UNICE. Eftir að rammásamningurinn hefur verið samþykktur mun hann koma á þriðja evrópusamninginum um félagsmálalöggjöf. Væntanleg tilskipun ráðsins sem byggð er á samningi mun gilda um EFTA og EES-ríkin sem hluti af EES-samningnum.

3.3 Nefndin fagnar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um „**aðlögun og eflingu samráðs aðila vinnumarkaðarins á vettvangi bandalagsins**“. Hún miðar að því að greina aðgerðir sem eru nauðsynlegar til að auka samráð aðila vinnumarkaðarins í Evrópu samkvæmt félagsmálabókuninni svo það verði sveigjanlegra og jafnframt tengja starf aðila vinnumarkaðarins nánar þróun og framkvæmd stefnumiða Evrópusambandsins.

- 3.3.1 Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hefur fylgst náið með **samráði aðila vinnumarkaðarins** og að hún hefur aðlagð það og aukið á vettvangi bandalagsins í anda Amsterdam-sáttmálans. Nefndin gerir ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins verði beðnir um að leggja meira af mörkum við að móta félagsmálastefnu í Evrópu. Nefndin telur að aðilum vinnumarkaðarins beri að taka virkan og uppbyggilegan þátt í umræðum um félagslega samráðið. Ennfremur er hún hlynnt nánari samvinnu og samræmingu milli aðila vinnumarkaðarins og pólitískra valdastofnana bæði á vettvangi bandalagsins og í aðildarríkjum EES. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að dreifræðisreglan sé virt í þessu ferli.
- 3.3.2 Setning laga á sviði félagsmála er oft krefjandi og viðkvæm og á það einnig við um „**löggjöf um EB-fyrirtæki**“. Þátttaka launþega er meðal viðkvæmra málefna og krefst hlutdeildar allra aðila. Því verður að gera allt til að koma í veg fyrir að lausnum sé þröngvað upp á viðkomandi aðila gegn vilja þeirra⁽²⁾.
- 3.3.3 Nefndin bendir á að aðilar vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum taka þátt í umræðunum um samráð aðila vinnumarkaðarins í Evrópu ásamt ESB-starfsbræðrum, sem aðilar að ETUC, UNICE og CEEP. Aðilar vinnumarkaðarins í EFTA taka þátt í samningahópum ETUC og UNICE. Fulltrúar þeirra eru viðurkenndir sem fullgildir meðlimir hópanna og fyrri samningaviðræður sýna að fullt tillit er tekið til framlags þeirra. Þátttaka þeirra fer eftir mikilvægi félagsmálalöggjafarinnar fyrir EES-samninginn. Þess er vænst að aðilar vinnumarkaðarins í EFTA sem og ESB-starfsbræður þeirra haldi áfram að taka uppbyggilegan þátt í samráði aðila vinnumarkaðarins.
- 3.4 Hvað varðar **aðgerðaáætlunina á sviði félagsmála fyrir árin 1998-2000** vísar nefndin til fyrra álits efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾ um hana. Nefndin fellst að öllu leyti á hugmyndafræðina að baki áætlun framkvæmdastjórnarinnar sem litið er á sem skipulagt fyrirkomulag þar sem atvinna er höfð í fyrirrúmi félagsmálastefnunnar í heild.
- 3.4.1 Nefndin vill leggja áherslu á eftirtalin atriði:
- Nefndin telur að áherslan sem lögð er á **samráð aðila vinnumarkaðarins** í áætluninni sé að öllu leyti réttlæt看leg;
 - Nefndir lítur á eflingu nýs forms á **vinnuskipulagi** sem nauðsynlegan þátt í samræmdri atvinnuáætlun Evrópu, sem gerir kleift að nálgast sameiginleg markmið um skilvirkni, samkeppnishæfni og þroska einstaklingsins;
 - Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi **þjálfunar og símenntunar**, sem fjárfestingu í mannauði, með tilliti til uppeldislegra, félagslegra og efnahagslegra stefnumiða, sem og mikilvægi þessara atriða fyrir hagvöxt og aukna atvinnu;
 - Nefndin tekur mið af skuldbindingu framkvæmdastjórnarinnar um að hvetja til þróunar á málsmeðferð við upplýsingaskipti og samráð á vinnustað.

(2) Álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar um löggjöf um EB-fyrirtæki (Stjtið. EB C 129 frá 11.12.1997).

(3) Álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðaáætlun á sviði félagsmála fyrir árin 1998-2000. (Stjtið. EB C 407 frá 28.12.1998).

ÁLYKTUN

99/EES/45/03

RÁÐGJAFARNEFNDAR EES

frá 11. mars 1999

um

UMHVERFISMÁLASTEFTU: VIÐFANGSEFNI OG FORGANGSVERKEFNI(*)

Ráðgjafarnefnd EES:

- ⇒ telur brynt að gera ráðstafanir **til að vernda umhverfið**, eigi komandi kynslóðir að njóta heilbrigðra lífsskilyrða (loft, vatn, matvæli);
- ⇒ leggur áherslu á að auk nauðsynlegra aðgerða í Evrópu verði að koma á **hnattrænu** samstarfi og að Evrópuríkin beri sérstaka ábyrgð gagnvart umheiminum, sem helgast bæði af sögulegri arfleifð og sterkri efnahagsstöðu þeirra;
- ⇒ er sammála hlutaðeigandi ESB- og EFTA-stofnunum, aðildarríkjunum og aðilum á sviði atvinnu- og félagsmála um að árangur við að draga úr „umhverfismengun“ náist aðeins með nánú **samstarfi**, og að taka beri kröfur í umhverfisverndarmálum upp á öllum öðrum sviðum stefnumótunar, eins og reyndar er krafist í sáttmálanum um Evrópusambandið (Maastricht-sáttmálinn);
- ⇒ æskir Evrópu þar sem jöfn áhersla er lögð á vistfræðileg, félagsleg og svæðisbundin viðfangsefni í **efnahagsmálasteftu**.

Ráðgjafarnefnd EES áformar að halda áfram starfi sínu á sviði stefnumótunar í umhverfismálum með fyrrnefnd markmið í huga. **Eftirfarandi viðfangsefni** kunna að skipta sérstaklega miklu máli í samstarfi ESB og EFTA, þrátt fyrir að listinn sé engan veginn tæmandi og kveði að svo stöddu ekki á um nein sérstök forgangsverkefni:

1. Verndun umhverfisins og atvinnumálafestna geta haft jákvæð gagnverkandi áhrif og því er mikilvægt að efla umhverfisvæna tækni með aðgerðum á vettvangi bandalagsins og á innlendum vettvangi ef takast á að ljúka því framtíðarverkefni að vernda umhverfið. Fyrri reynsla og framtíðarspár benda til þess að umhverfismarkmið og umhverfisvæn tækni stuðli að aukinni atvinnusköpun jafnt í starfandi fyrirtækjum og með því að leiða til nýrrar starfsemi. Þetta er einnig mikilvægt í ljósi hugsanlegrar togstreitu milli umhverfisstefnu og stefnu í atvinnumálum.
2. Vandamál er varða ytra umhverfi (vistfræði) eru nátengd þeim sem varða **starfsumhverfi**. Umræða um umhverfisstefnu verður að taka mið af því hve þessum vandamálum svipar saman og þörfinni á að samræma aðgerðir. Aðgerðir á **einu** þessara sviða mega ekki vera ósamrýmanleg, eða útiloka aðgerðir á **öðru sviði**.
3. Umhverfisvandamál og viðleitni til að leysa þau eru nátengd **ákvörðunum og forgangsverkefnum við mótun orkumálafestna**. ESB- og EFTA- ríkin ættu að kappkosta að semja sameiginlega áætlun um að þróa og efla nýjar orkulindir og nýta tiltæka, umhverfisvæna orkugjafa. Þetta skiptir einnig máli við framkvæmd alþjóðlegra ákvarðana um að koma í veg fyrir loftlagsbreytingar, fyrirbæri sem geta haft skelfilegar afleiðingar, að minnsta kosti í tilteknum heimshlutum.

(*) Framsögumenn: Halvor Wøien - EFTA (Noregur/launþegar) Rudolf Strasser – Efnahags- og félagsmálanefndin (Austurríki/ýmsir hagsmunaaðilar)

Eftirfarandi framsögumenn byrjuðu á verkinu: Erna Ansnes - EFTA (Noregur/launþegar).

Klaus Boisserée - Efnahags- og félagsmálanefndin/ýmsir hagsmunaaðilar.

4. ESB- og EFTA-rikin ættu að vera reiðubúin að aðstoða við að bæta umhverfið alls staðar í heiminum. Það er viðeigandi að Evrópa gegni forustuhlutverki þar sem hún hefur nýtt náttúruauðlindir meira en í meðallagi, jafnframt því að stuðla að tiltölulega alvarlegri umhverfismengun (loft og vatn) í ákveðnum hlutum Evrópu.

5. Tengslin við Mið- og Austur-Evrópu eru einkar krefjandi viðfangsefni. Evrópska efnahagssvæðið (EES) deilir ábyrgð á löndum sem eru að semja um aðild að ESB og í samningarviðræðunum verður að fjalla um stefnu í umhverfismálum. Ráðgjafarnefnd EES leggur áherslu á nauðsyn þess að aðstoða þessi ríki við að uppfylla tilskilda lágmarksstaðla fyrir nýjar verksmiðjur og endurnýjun á gömlum.

Einnig verður að taka tillit til annarra Austur-Evrópuríkja sem deila landamærum með EFTA- og ESB-riki. EES er samábyrgt fyrir þessum svæði ekki aðeins vegna almennra umhverfisáætla, heldur einnig vegna þess að nauðsynlegt er að sýna fólki í þessum hluta álfunnar samstöðu.

6. Sjónarmið Efnahags- og félagsmálanefndarinnar til **umhverfisáætlunar Evrópusambandsins** til meðallangs tíma vöktu athygli ráðgjafarnefndar EES. Áhersla er lögð á að brydda upp á nýjum leiðum til að framfylgja umhverfismálalastefnu og að skilgreina markmið til að koma á sjálfbærri vistvænni þróun og bæta ástandið. Viðfangsefni sem minnst er á hér á eftir eru dæmi um efni sem geta gefið tilefni til sameiginlegra umræðna í ráðgjafarnefndinni.

6.1 Viðeigandi aðgerðir sem hvetja til aukinnar umhverfissvænnar þróunar:

- beina aðstoð frá svæðum þar sem umhverfisvandinn er mikill til svæða þar sem framtíðarhorfur eru bjartar,
- nota þróunarsjóði Evrópu til styrktar **bæði** atvinnu og umhverfi;
- þróa frekar hugtakið skaðabótaábyrgð,
- nota samninga milli iðnaðarins, staðaryfirvalda og opinberra þjónustuaðila til að greiða fyrir og bæta framkvæmd umhverfismarkmiða,
- hvetja til athafna með viðeigandi almannatengslastafsemi og markvissri ráðgjöf.

6.2 Samræming ákvæða á sviðum utan valdsviðs Evrópusambandsins, t.d. um:

- útblástursstaðla fyrir loftgæði,
- aðgerðir til að koma í veg fyrir vatnsmengun,
- meðferð úrgangs, einkum eittraðs úrgangs,
- náttúruvernd og fjölbreytni lífríkisins.

Rétt er að taka tillit til þess hvort aðgerðir til að vernda umhverfið séu efnahagslega réttlætanager.

ÁLYKTUN

99/EES/45/04

RÁÐGJAFARNEFNDAR EES

frá 11. mars 1999

um

FORGANGSVERKEFNI OG ÁSKORANIR Í TENGLUM VIÐ
UNDIRBÚNING Á STÆKKUN EVRÓPUSAMBANDSINS(*)

Aðdragandi

Á fundi sínum í Lúxemborg 1997 tók leiðtoga ráðið nauðsynlegar ákvarðanir til að hefja stækkun Evrópusambandsins í heild.

Ráðið lýsti helstu áskoruninni í því sambandi þannig: „Verkefni næstu ára verður að búa umsóknarríkin undir aðild að sambandinu og sjá til þess að það sjálft verði nógu vel búið undir stækkunina“.

Í mars 1998 var hafist handa við að hrinda í framkvæmd endurbættri foraðildaráætlun sambandsins. Boðað var til tvíhliða ríkjaráðstefna til að hefja samningaviðræður við Lýðveldið Tékkland, Kýpur, Eistland, Ungverjaland, Pólland og Slóveníu („5+1 hugtakið“). Á sama tíma var hraðað undirbúningi fyrir samninga við Búlgaríu, Lettland, Litháen, Rúmeníu og Slóvakíu. Tyrklandi var boðin sérstök foraðildaráætlun.

Í aðildarsamstarfinu, sem ESB hefur kynnt, er forgangsverkefnum til skamms og meðallangs tíma lýst, sem og tímabundnum markmiðum sem umsóknarríkin verða að ná í að laga sig að réttarreglum sambandsins. Umsóknarríkin hafa, með hliðsjón af þessu aðildarsamstarfi, gert „innlendar áætlanir um að taka upp réttarreglur sambandsins“. Verið er að yfirfara stöðuna á 31 sviði og framkvæmdastjórnin kynnti fyrstu áfangaskýrslu sína í nóvember 1998.

Ályktanir ráðgjafarnefndar EES

1. Ráðgjafarnefnd EES lýsir stuðningi sínum við viðleitnina til að stækka Evrópusambandið í því skyni að sameina og efla Evrópu í heild bæði inná við og á alþjóðavettvangi.
2. Í 128. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um að ríki, sem gengur í bandalagið, sé skylt að sækja um aðild að honum. Ráðgjafarnefnd EES mælir með að EES-ráðið ihugi viðeigandi málsmeðferð til að hefja þetta ferli.

Ráðgjafarnefnd EES vekur athygli á að stækkun Evrópusambandsins eigi eftir að hafa miklar og beinar afleiðingar fyrir EES og öll einstök EES-ríki. Breyta verður samningum milli EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, og umsóknarríkjanna, sem og milli fyrrnefndra ríkja og Evrópusambandsins til samræmis við nýjar aðstæður, sem skapast þegar ný ríki ganga í sambandið og verða þar með hluti af innri markaði Evrópu sem tekur til allra EES-ríkjanna. Samráð um þetta efni verður því að hefjast í tæka tíð milli allra sem málið varðar og eigi síðar en samningaviðræður um aðild hefjast.

Leita verður hagkvæmra lausna á sviðum þar sem afleiðingar aðildar kunna að gjörbreyta núverandi samskiptum hlutaðeigandi samstarfsaðila.

(*) Framsögumenn: Filip Hamro-Drotz – Efnahags- og félagsmálanefndin (Finnland – Samtök finnskra iðn- og atvinnurekenda), Hans Brunhart - EFTA (Liechtenstein - Verwaltungs - und Privat-Bank AG), Ari Skúlason - EFTA (Ísland – Alþýðusamband Íslands).

Með stækkun ESB verða nýju aðildarríkin aðilar að EES. Þau munu fela bandalaginu samningsumboð fyrir sína hönd og þar með taka yfir viðskiptastefnu og -samninga ESB. Við núverandi aðstæður veita fríverslunarsamningar EFTA við umsóknarríkin betri markaðsaðgang á tilteknum sviðum en EES-samningurinn. Því má gera ráð fyrir að EFTA-ríkin muni við stækkun Evrópusambandsins benda á reglur alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og fara fram á samningaviðræður við ESB til að bæta þetta upp. Þessi vandamál verða sérstaklega fisk og fiskafurðir.

3. Ráðgjafarnefnd EES styður skilvirka framkvæmd foraðildaráætlunarinnar. Efla verður undirbúning einstakra umsóknarríkja fyrir aðild á jafnréttisgrundvelli og til frambúðar. Uppfylla verður skilyrðin sem kveðið var á um á fundi leiðtogaáráðsins í Kaupmannahöfn árið 1993. Tímabundin aðlögunarákvæði (varðandi frjálsa fær fólks, umhverfisstaðla, landbúnað o.s.frv) verða að heyra til undantekninga, eða vera til komin vegna sérstakra aðstæðna til þess að koma í veg fyrir að starfsemi innri markaðinn, sem tekur til allra EES-ríkjanna, veikist.

4. Ráðgjafarnefnd EES hvetur ESB að virkja að fullu öll EES-ríkin í viðleitni sinni við að styrkja starfsemi innri markaðar Evrópu, áður en að stækkun kemur. Einnig væri æskilegt að meta þörfina á að efla sameiginlegt eftirlit innri markaðarins áður en hann verður látinn ná til nýrra ESB-ríkja.

5. Ráðgjafarnefnd EES er reiðubúin að styðja allar aðgerðir sem miða að því að EES-ríkin, og hagsmunaaðilar á sviði efnahags- og félagsmála, einkum í EES-ríkjum, sem aðild eiga að EFTA, verði vel upplýst um þróun aðildarviðræðna að því er varðar réttarreglur um innri markaðinn. Gera verður öllum EES-ríkjunum kleift að búa sig undir fjárfjarlegar niðurstöður, einkum hvað varðar hugsanlegar aðlögunaráðstafanir. Hlutverk ráðherraáráðs EES verður að semja um viðeigandi málsmeðferð sem gerir kleift að tryggja góð samskipti á meðan samningaviðræðum stendur og koma á ganglegum samböndum áður en að aðild kemur.

6. Ráðgjafarnefnd EES mælist til að jafnhliða foraðildaráætluninni hefji ráðherraáráð EES viðræður um þátttöku EES-ríkjanna, sem eiga aðild að EFTA, í fjármögnun verkefna sem fyrst og fremst miða að því að aðstoða umsóknarríkin við að uppfylla og hrinda í framkvæmd kröfum innri markaðarins. Þróa mætti nýjar leiðir til að bæta skilvirkni sameiginlegra eða hliðstæðra framlaga.

7. Ráðgjafarnefnd EES hvetur alla viðkomandi aðila til að leggja sig fram um að tryggja að efnahagsleg, félagsleg og pólitísk sambönd umsóknaraðila rofni ekki við undirbúning eða í kjölfar stækkunarinnar. Gefa ber gaum þróun og eflingu samstarfs yfir landamæri og svæðisbundins samstarfs umsóknarríkjanna sem og milli hinna síðarnefndu og nágretta þeirra sem verða áfram utan ESB.

8. Ráðgjafarnefnd EES vekur athygli á að mikilvægasta áskorunin í foraðildarstarfseminni felist í að búa umsóknarríkin undir aðild að Evrópusambandinu. Ráðgjafarnefnd EES fellst á álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (sjá álit um endurbættu foraðildaráætlunina, CES 456/98) um að áætluninni verði best hrundið í framkvæmd með því að virkja atvinnurekendur og félagsmálafrömuði í þessu ferli, sem og með því að hvetja umsóknarríkin til að þróa svipað fyrirkomulag. Þessir aðilar ættu að taka þátt í undirbúningi fyrir stækkun og aðild að sambandinu. Þeir gætu á uppbyggilegan hátt stuðlað að stækkun og aðild með ráðgjöf einkum varðandi framkvæmd á kröfum innri markaðarins, innan ramma foraðildaráætlunarinnar, og þar með væri hægt að nýta þekkingu, reynslu, sambönd og álit þessara aðila.

9. Ráðgjafarnefnd EES vekur athygli á aðilar á sviði efnahags- og félagsmála í öllum EES-ríkjunum eru reiðubúnir að leggja sitt af mörkum við að undirbúa stækkun innri markaðarins, í kjölfar aðildar að Evrópusambandinu. Þessa framlags gæti til dæmis verið þörf við að skýra efni og skilmála innri markaðarins fyrir hagsmunaaðilum í umsóknarríkjunum. Til þess að aðild að innri markaðinum verði varanleg er nauðsynlegt að umsóknarríkin komi á stofnanakerfi sem gerir kleift að koma á viðeigandi og styrkum efnahag, vinnumarkaði og samráði þessara aðila og sem og milli þeirra síðarnefndu og stjórnvalda. Aðilar að EES, þar með talin EES-ríkin í EFTA eru reiðubúin til að taka þátt í og efla þessa viðleitni.

10. Ráðgjafarnefnd EES æskir þess að nefnin verði notuð sem vettvangur til upplýsinga og samráðs sem miði að góðri starfsemi EES, jafnvel eftir stækkun ESB. Það gæti einnig verið hluti af starfsemi ráðgjafarnefndar EES að koma á viðeigandi samböndum við hagsmunaaðila í umsóknarríkjunum.

11. Ráðgjafarnefnd EES mun eftir atvikum kynna frekari ályktanir á meðan undirbúningur fyrir stækkun Evrópusambandsins stendur yfir.

ÁLYKTUN RÁÐGJAFARNEFNDAR EES

99/EES/45/05

frá 11. mars 1999

um

AÐGERÐAÁÆTLUN FYRIR INNRI MARKAÐINN

og yfirlitstöflur framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA
(ESA)(*)

Á fundi sínum í Reykjavík 3. júní 1998 ákvað ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins (ráðgjafarnefnd EES), í samræmi við 2. mgr. 2. gr. starfsreglna ráðgjafarnefndar EES, að semja sameiginlega skýrslu og ályktun um:

Aðgerðaáætlun fyrir innri markaðinn og yfirlitstöflur framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Framsögumenn voru **Vasco Cal** frá Efnahags- og félagsmálanefndinni og **Grete Gautvik** frá ráðgjafarnefnd EFTA

1. Inngangur

1.1 Aðgerðaáætlunin fyrir innri markaðinn, sem leiðtogaráðið samþykkti í Amsterdam í júní 1997, í því skyni að ljúka uppbyggingu innri markaðarins fyrir árslok 1998, hefur reynt gagnleg sem nýr hvati að nauðsynlegum umbótum á starfsemi innri markaðarins vegna upptöku evrunnar og stækkunar Evrópusambandsins.

1.2 Tengslin milli innri markaðarins og EES eru augljós. Í áttakinu við að fullgera innri markaðinn um miðjan níunda áratuginn fæddist hugmyndin um Evrópskt efnahagssvæði og samningurinn fylgdi í kjölfarið. Lagastoðin er sú sama. Grundvallarreglur frumlöggjafarinnar um innri markaðinn eru hluti af samningnum ásamt viðeigandi dómaframkvæmd. Hvað varðar afleidd lög höfðu 1225 tilskipanir af 1365 tilskipunum, sem þá giltu um innri markaðinn, verið teknar upp í EES-samninginn. Með EES-samningnum teygist innri markaðurinn þannig til þriggja EFTA-ríkja sem eiga aðild að EES, þ.e. Noregs, Íslands og Liechtenstein, eins og **Mario Monti** greinir frá í bókinni „The Single Market and Tomorrow's Europe“ (Innri markaðurinn og Evrópa framtíðarinnar).

1.3 Framvirkt eðli EES-samningsins og þróun innri markaðarins krefst þess að fylgst sé náð með því verkefni að tryggja hliðstæða þróun samningsins.

1.4 Beita verður öllum mögulegum ráðum til þess að gera EES-samninginn sýnilegri og vekja athygli á að EFTA-ríkin, sem aðild eiga að EES, eru einnig aðilar að innri markaðinum. Því verða EFTA-ríkin, sem aðild eiga að EES, að sýna að þau séu reiðubúin að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt því og vera samstíga aðildarríkjum ESB í ráðstöfunum við að framfylgja starfseminni sem fjallað er um í aðgerðaráætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir innri markaðinn. Því er næsta eðlilegt og raunar nauðsynlegt að hafa EFTA-ríkin, sem aðild eiga að EES, með í eftirliti á framkvæmd innri markaðarins og í skýrslum um það efni.

2. Yfirlitstöflur

2.1 Þriðja útgáfan af yfirtöflu framkvæmdastjórnarinnar um innri markaðinn birtist í nóvember 1998. Þetta er þriðja framfaraskýrslan um aðgerðaáætlunina fyrir innri markaðinn sem var samþykkt í júní 1997.

(*) Framsögumenn: Vasco Cal – Efnahags- og félagsmálanefndin (Portúgal/almenn samtök portúgalskra launþega - þverfagleg stéttarfélag)(CGTP -IN). Grete Gautvik - EFTA (Noregur/norsk viðskipta- og iðnaðarsamtök) (NHO).

2.2 Eftir að fyrsta yfirlitstafla framkvæmdastjórnarinnar birtist í nóvember 1997 létu ráðherrar innri markaðar Evrópusambandsins í ljós áhuga á sambærilegri skýrslu um EFTA-ríkin. Ráðgjafarnefnd EES minnir á að svipuð beiðni kom fram í álitni Efnahags- og félagsmálanefndarinnar um *aðgerðaáætlun fyrir innri markaðinn* og í álitni hennar um *aðgerðir til að koma í veg fyrir að nýjar viðskiptahindranir myndist á innri markaðinum*⁽¹⁾.

2.3 Eftirlitsstofnun EFTA brást vel við og í framhaldinu birtist fyrsta útgáfan af „Yfirlitstöflu um innri markaðinn – EFTA-ríkin nr. 1-2“ í maí 1998 samtímis annarri yfirlitstöflu framkvæmdastjórnarinnar og þriðja yfirlitstafla EFTA birtist um leið og þriðja útgáfa framkvæmdastjórnarinnar.

2.4 Yfirlitstöflur EFTA eru takmarkaðri að umfangi en yfirlitstöflur framkvæmdastjórnarinnar. Þannig fjalla yfirlitstöflur EFTA eingöngu um skilvirkni reglna innri markaðarins í EFTA-ríkjunum þrem sem eiga aðild að EES og málshöfðunum ESA á hendur þessum ríkjum vegna brota sem felast í vanrækslu þeirra á að fara að viðeigandi reglum innri markaðarins sem gilda um þau.

3. Athugasemdir um þriðju útgáfuna á yfirlitstöflunum

3.1 Þriðja útgáfan, bæði á yfirlitstöflum framkvæmdastjórnarinnar og ESA, sýnir að jákvæða þróunin varðandi framkvæmd aðildarríkja EES á tilskipunum um innri markaðinn heldur áfram. Þó var alveg ljóst að ekki myndi takast að ná einu meginmarkmiða aðgerðaáætlunarinnar, þ.e. að ljúka við að innleiða alla samþykktu lögjöf innri markaðarins í landslög fyrir árslok 1998.

3.2 Hvað varðar málsmeðferð vegna brota gerir þriðja útgáfan á yfirlitstöflunum eingöngu grein fyrir tölulegum upplýsingum en ekki fyrir því hversu lengi tekur að ljúka málum, eins og gert var í fyrri yfirlitstöflum. Ráðgjafarnefnd EES telur þetta miður og undirstrikar að hraða verði réttarhöldum. Innri markaðurinn grundvallast á trausti þar með talið að hægt sé að reiða sig á skjóta og skilvirka málsmeðferð vegna lagabrota.

3.3 Einna mesta athygli vekur sá hluti í 3. yfirlitstöflunni sem greinir frá því að samkvæmt fyrirtækjakönnuninni höfðu tveir þriðju hlutar fyrirtækja ekki gert neinar ráðstafanir til að yfirstíga hindranir sem þau mættu í viðskiptum á innri markaðinum. Þessi staða kemur ekki á óvart, en það er mjög gagnlegt að hún skuli hafa verið metin. Þó er óviðunandi að ekki skuli tekist á við slíkan vanda sem veldur því að ávinningurinn af innri markaðurinn er ekki sem skyldi.

3.4 Ennfremur er ekki greint frá starfsemi samræmingarmiðstöðva og tengiliða nema í fimm aðildarríkjum og tiltæk gögn sýna að notkun þessara stöðva hefur hingað til verið í lágmarki. Það veldur ráðgjafarnefndinni vonbrigðum að svo virðist sem óbreyttir borgarar sem mæta erfiðleikum hvað varðar vinnumarkaðinn yfir landamæri hafi aldrei leitað til tengiliðanna. Greinilegt er að mikið verk er enn óunnið við að kynna og auka notkun núverandi rammafyrirkomulags ef það á að nýtast óbreyttum borgurum og fyrirtækjum.

3.5 Dæmi um vandamál sem greind voru, bæði af aðildarríkjunum fimm og þeim sem nefnd eru fyrirtækjakönnuninni, eru nákvæmlega þau sömu og greind voru í könnunum sem nokkur aðildarríki jafnt í ESB og EFTA létu gera fyrir þrem til fjórum árum. Þau eru einnig í samræmi við niðurstöður könnunarinnar sem starfshópur efnahags- og félagsmálanefndarinnar sem fylgist með innri markaðinum (Market Observatory (SMO)) vísaði til í fyrirtækjakönnuninni. Meirihluti þeirra sem svöruðu spurningarlistanum í SMO-könnuninni var óánægður með hvernig innri markaðurinn virkaði og taldi að ávinningurinn af honum væri borgurum og neytendum ekki nægilega ljós.

3.6 Skortur á gagnkvæmri viðurkenningu, alltof strangar innlendar tæknilegar reglugerðir, skortur á stöðlum á ákveðnum sviðum, mismunur gagnvart erlendum fyrirtækjum, erfiðleikar í reynd varðandi hreyfanleika vinnuafis, búseturétt, viðurkenningu á prófskirteinum, almannatryggingar o.s.frv. eru allt vandamál sem koma í veg fyrir fullan ávinning af innri markaðinum. Þessi svið eru í raun hinn eiginlegi kjarni innri markaðarins. Ef ekki koma til skjótar og skilvirkar lausnir á þessum vandamálum næst ekki traust á innri markaðinum.

3.7 Eitt meginmarkmiða aðgerðaáætlunarinnar fyrir innri markaðinn er að einfalda og bæta innlendar reglur og bandalagsreglur. Reglugerðarfargan er óvinur atvinnusköpunar. Flóknum reglum, sem flestar eru innlendar, fylgja ónaúðsynlegar byrðar og kostnaður fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Árangur SLIM-áætlunarinnar í reynd er fremur rýr og hefur eingöngu leitt til samþykktar tveggja reglugerða og einnar tilskipunar. Nauðsynlegt er að huga að hvernig hraða megi ákvörðunartöku á þessu sviði.

(1) Stjórnartíð. EB C 157 frá 25.5.1998.

3.8 Ráðgjafarnefnd EES telur að einn veikasti hluti skýrslunnar sé D-hluti þar sem tölfraðilegar upplýsingar um beinar erlendar fjárfestingar og ríkisaðstoð eru sýndar undir fyrirsögninni efnahagssamruni á innri markaðinum. Þrátt fyrir að titillinn kunni að gefa til kynna að hreyfing hafi orðið í átt til efnahagslegs samruna þá tengir texti skýrslunnar ekki beint upplýsingarnar í undirfyrirsögnunum tveimur neinni slíkri hreyfingu, né er kveðið á um önnur atriði sem kynnu að benda til þess að efnahagslegur samruni eigi sér stað. Nefndin hefði fremur kosið vísbenda sem sérstaklega sýndu efnahagslegan ávinning og félagslegar framfarir sem rekja mætti til innri markaðarins.

4. Framtíðarhorfur

4.1 Frá og með 1999 verða nýjar aðstæður á markaðinum sem einkennast af eftirtöldum breytingum:

- upptaka evrunnar í janúar 1999 markar meiriháttar tímamót á innri markaðinum og fyrir atvinnurekendur: evran verður nýr hvati á innri markaðinum en mun einnig afhjúpa anmarka hans og veikleika;
- stækkun ESB til austurs;
- eftir lokadagsetningarnar 1992/1993 og 1998/1999 verður tilkomu innri markaðarins ekki frestað frekar, nýjar lokadagsetningar munu eingöngu eiga við í einstökum tilvikum, fyrir ákveðnar tilskipanir og aðgerðir en ekki um nýja heildaráætlun. Innri markaðurinn verður talinn fullgerður, með fyrirvara um sérstakar markvissar aðgerðir og „heilдарviðhald“ á vel starfræktum innri markaði.

4.2 Nefndin er sammála því álitu framkvæmdastjórnarinnar að tilkoma evrunnar hafi verið mikilvæg fyrir innri markaðinn, en telur að hún sé á engan hátt síðasta púslid í púsluspilinu. Líklegra er að hún verði til að afhjúpa ófullgerð svið þar sem mismunandi verð og kostnaður verða sýnilegri. Nú þegar þeim tíma er lokið þegar lagst var á eitt við að taka upp evruna og hefja næsta áfanga myntbandalags Evrópu ætti að vera svigrúm til að einbeita sér að innri markaðinum.

4.3 Framvegis mun beinn þrýstingur á að fullgera innri markaðinn miklu fremur verða frá notendum en stjórnálamönnum vegna þess að þrýstingurinn af evrunni, sem mun hafa bein áhrif á atvinnurekendur, ætti að taka við af þrýstingnum af lokadagsetningum, sem fyrst og fremst hafði áhrif á stjórnálamenn.

4.4 Fyrir tilstilli starfshóps Efnahags- og félagsmálanefndarinnar sem fylgist með innri markaðinum (Single Market Observatory (SMO)) er nefndin mikilvægur vettvangur hvað þetta varðar. Sem meðalgönguadili milli notenda innri markaðarins og þeirra sem taka ákvarðanir í ESB, getur SMO á grundvelli kannana sinna og viðtala „á staðnum“ gert grein fyrir takmörkunum og erfiðleikum sem óbreyttir borgarar og fyrirtæki lenda í við að sækja rétt sinn á innri markaðinum.

5. Ályktanir

Ráðgjafarnefnd EES

5.1 fagnar því að taflan sem sýnir framvinduna á framkvæmd EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, skuli felld inn í þriðju yfirlitstöflu framkvæmdastjórnarinnar. Til að gera EES-samninginn sýnilegri ætti yfirlitstafla EFTA í heild þó að vera hluti af eða látin fylgja yfirlitstöflu framkvæmdastjórnarinnar framvegis;

5.2 skorar á Eftirlitsstofnun EFTA að auka yfirlitstöflu EFTA að umfangi í framtíðinni og hafa í henni einmitt þá þætti sem eru í yfirlitstöflu framkvæmdastjórnarinnar, og varða EES-samninginn, til að tryggja að hægt sé að treysta á jafna meðferð og samkeppni alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu;

5.3 leggur bæði að framkvæmdastjórninni og ESA að halda áfram að þrýsta á að aðildarríkin hraði upptöku á löggjöf innri markaðarins í innlend lög og reglugerðir til að koma í veg fyrir uppsöfnun, eins og nú er raunin;

5.4 fagnar fyrirætlan framkvæmdastjórnarinnar um að leggja meiri áherslu á gæði gagna í tengslum við málefni er varða framkvæmd. Innri markaðurinn mun ekki starfa á skilvirkan hátt nema allir sem málið varðar virði reglurnar. Einnig verður að greina vandamál fyrir á innri markaðinum til að koma í veg fyrir að grafið sé undan trausti fyrirtækja og neytenda á honum;

5.5 mælir með að í yfirlitstöflum í framtíðinni verði upplýsingar um hvaða háttur er hafður á við að leysa vandamál í öllum ríkjunum 18 sem aðild eiga að EES. Styðjast ber við meginregluna um „bestu starfsvenjur“ þegar dæmi eru tekin um aðildarríki þar sem framfarir eru og hvernig að þeim er staðið;

5.6 fer þess á leit við framkvæmdastjórnina og ESA að taka forystu í að samræma innlendar fullnustuaðgerðir. Þörf er á stöðugu samráði og auka ber samstarf framkvæmdavalda í EES-aðildarríkjunum og það gert skilvirkara. Innri markaðurinn þarfnast ekki aðeins sameiginlegra reglna heldur einnig sameiginlegra aðferða við beitingu þeirra;

5.7 leggur áherslu á þörfina á að meta afleiðingar og áhrif aðgerða innri markaðarins á atvinnu og svæði og svið sem verða fyrir mestum áhrifum af þessum aðgerðum;

5.8 leggur til að upplýsingaherferðir verði hafnar í öllum EES-ríkjunum til að tryggja að fyrirtæki og borgarar viti af tengiliðum og samræmingarmiðstöðvum. Herferðirnar verða að beinast að breiðum markhópi og upplýsa um hvernig fullnustuskipulag og aðferðir virka, með hagnýtum dæmum um vandamál og hvernig þau voru leyst. Ráðgjafarnefnd EES og meðlimir hennar myndu fagna boði um að taka þátt í að skipuleggja og hefja slíka herferð. Í þessu skyni leggur ráðgjafarnefnd EES einkum áherslu á það mikilvæga hlutverk sem starfshópur efnahags- og félagsmálanefndarinnar sem fylgist með innri markaðinum (Single Market Observatory (SMO)) gegnir sem meðalögnguaðili milli notenda innri markaðarins og þeirra aðila sem taka ákvarðanir í ESB. Aukin notkun á internetinu gæti einnig stuðlað að betri skilningi og internetsetur SMO kann að vera gagnlegt hvað þetta varðar;

5.9 vekur athygli á þeirri staðreynd að vaxandi fjöldi innlendra tæknilegra reglugerða myndar nýjar viðskiptahindranir. Þess er að vænta að með auknu gagnsæi og samkeppni **sem leiðir af** tilkomu evrunnar freistist aðildarríkin til að koma á nýjum hindrunum. Í yfirlitstöflum ættu því framvegis að vera viðmiðanir um „raunverulegt afnám hafta“;

5.10 skorar á framkvæmdastjórnina, ESA og aðildarríki EES að sjá til þess að forgangur sé veittur hraðri og skilvirkri framkvæmd á tillögum aðgerðaáætlunarinnar sem kynnt var í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um „að efla frumkvæði og samkeppnishæfni“, sem er svar framkvæmdastjórnarinnar við skýrslu BEST-starfshópsins. Leggja ber aukna áherslu á allar leiðir til að einfalda og fækka rammaákvæðum bæði innan bandalagsins og innanlands;

5.11 fagnar því að framkvæmdastjórnin ætlar að halda áfram að kynna yfirlitstöfluna reglulega á sex mánaða fresti, og á grundvelli kannana meðal fyrirtækja og efnahagsvibenda (eins og starfshópur efnahags- og félagsmálanefndarinnar sem fylgist með innri markaðinum (Single Market Observatory (SMO)) fór fram á);

5.12 undirstrikar að nýju frumkvæðin sem framkvæmdastjórnin mun kynna í febrúar 1999 beri að miða við fá vel valin forgangsverkefni (skattar, fjármálaþjónusta, réttur borgara, öryggi vara, tölvuvædd viðskipti og umhverfismál);

5.13 fagnar fyrstu skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um starfsemi vöru- og fjármagnsmarkaða á innri markaðinum, sem kölluð er Cardiff I, þar sem hún fylgir í kjölfarið á efnahagsumbótaferlinu sem ráðist var í á leiðtoga fundi ESB í Cardiff í júní 1998. Ráðgjafarnefnd EES bíður í eftirvæntingu eftir framkvæmd fjölda tilmæla sem eru í skýrslunni um að bæta ástandið, einkum að því er varðar fjármálaþjónustu, opinber innkaup, gagnkvæma viðurkenningu á innlendum stöðlum og tölvuvædd viðskipti;

5.14 undirstrikar að lokum þörfina á samstarfi allra sem málið varðar við að koma á raunverulegum innri markaði á EES. Nefndin vonar að framkvæmdastjórnin, ESA og yfirvöld í aðildarríkjum EES veiti aðilum vinnumarkaðarins hlutverk í þessu ferli og nýti sér viðamikla reynslu þeirra.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1711 – Tyco/Siemens)

99/EES/45/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. október 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Tyco International Ltd. (Tyco), USA, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar full yfirráð yfir fyrirtækinu Siemens AG (Siemens), Þýskalandi, með kaupum á hlutum og eignum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Tyco: Framleiðsla og dreifing á ýmsum vörum, svo sem sjúkragögnum og læknisvörum; eldvarnar og öryggiskerfum; flæðieftirlitsbúnaði og ýmis konar rafmagns- og rafeindaíhlutum þar með töldum tengi- og millitengikerfum, rafeindaíhlutum og aukahlutum fyrir símakapla og símkerfi,
 - Siemens: Almennur rafeindabúnaður og rafmagnstæki sem og þjónusta á sviði orku, iðnaðar, flutninga, heilsuverndar, ljósabúnaðar, upplýsinga og fjarskipta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 298, 16.10.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1711 – Tyco/Siemens, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1040 Brussels

(¹) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(²) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/JV.18 – Chronopost/Correos)****99/EES/45/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 1.6.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfú á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399MJ018. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1703 – Phelps Dodge/Asarco)****99/EES/45/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. október 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Phelps Dodge Corporation öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar full yfirráð yfir fyrirtækinu Asarco Incorporated með opinberu yfirtökubóði.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Phelps Dodge: Koparvörur, þar með talin koparbakskaut, -stengur, og -vír, kinrok og segulvír,
 - Asarco: Koparvörur, mólýbden og kemísk húðunarefni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 298, 16.10.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1703 – Phelps Dodge/Asarco, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1040 Brussels

(¹) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(²) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1681 – Akzo/Nobel/Hoechst Roussel Vet)****99/EES/45/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17.9.1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Akzo Nobel öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar full yfirráð yfir fyrirtækinu Hoechst Roussel Vet GmbH (HRVet) með kaupum á hlutum og eignum.
2. Tilkynningin var lýst ófullnægjandi 30. september 1999. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram nánari upplýsingar og varð tilkynningin fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 6. október 1999. Þar með öðlaðist tilkynningin gildi 7. október 1999.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 294, 14.10.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1681 – Akzo/Nobel/Hoechst Roussel Vet, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1000 Brussels

**Tilkynning um samninga um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/E-2/37.644)****99/EES/45/10**

1. Recticel SA/NV, Belgíu, (móðurfyrirtæki í Recticel -samstæðunni) og Woodbridge Foam Corporation, Kanada, (móðurfyrirtæki í Woodbridge-samstæðunni), þ.e. aðilarnir sem að tilkynningunni standa, ætla að sameina mestan hluta núverandi og síðari starfsemi sinnar á sviði framleiðslu og sölu á frauði í bílsæti á meginlandi Evrópu í fyrirtæki sem skiptist í nokkur minni fyrirtæki undir sameiginlegri stjórn. Þessi samruni mun í fyrstunni takmarkast við sameiginlegt söluátak í Evrópu nema í Belgíu þar sem mestur hluti framleiðslu- og dreifingarstarfseminnar verður að öllu leyti sameinaður frá byrjun. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að sameina aðra framleiðslu- og dreifingarstarfsemi í tengslum við mótað sveigjanlegt frauð í bílsæti á meginlandi Evrópu eigi síðar en 31. janúar árið 2004.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samstarfssamningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB C 298, 16.10.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar með tilvísun til máls nr. IV/E-2/37.644, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate E-2
Office 2/46
158, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

(²) Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1430 – Vodafone/Airtouch)****99/EES/45/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21.5.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1430. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1526 – Ford/KWIK-FIT)****99/EES/45/12**

Framkvæmdastjórnin ákvað 31.5.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1526. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1594 – Preussag/Babcock Borsig)****99/EES/45/13**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17.8.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1594. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1699 – TPG Bacchus/Bally)****99/EES/45/14**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30.9.1999 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 399M1699. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 13.9. til 1.10.1999 **99/EES/45/15**

Þessi skjöl fást hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna(*)

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM (1999) 432	CB-CO-99-440-EN-C ⁽¹⁾	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (kerfisbundin útgáfa)	14.9.1999	14.9.1999	40
COM (1999) 337	CB-CO-99-380-EN-C	Tillaga að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um verndun einstaklinga hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga í stofnunum bandalagsins og um frjálst flæði slíkra upplýsinga	14.9.1999	17.9.1999	75
COM (1999) 454	CB-CO-99-459-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um beitingu tilskipunar ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupa á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu	1.10.1999	1.10.1999	23

(*) Íslenska þýðingin á titlunum er til bráðabirgða.

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

99/EES/45/16

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerð (Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB L 81, 26.3.1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB. L 100, 19.4.1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
1999-0414-NL	Dreifibréf um valdbeitingu innan stofnana við meðferð fólks í öryggisgæslu	03.12.1999
1999-0415-DK	Fyrirmæli um bann við að nota tiltekinn búnað, t.d. hálsólar, á dýr	06.12.1999
1999-0416-DK	Tækniforskrift um samþykki á haffærum gámum sem meðhöndlaðir eru á opnu hafi	2.12.1999
1999-0417-D	Samþykkisforskrift Reg TP 324 ZV 132 um þráðlausan viðvörunarbúnað í lokuðu fjarskiptaþjónustunni á landi sem starfræktur er á tíðnisviðinu 868 – 870 MHz	10.12.1999
1999-0418-NL	Tillaga um breytingu á úrskurði um förgun til að laga kröfur sem gerðar eru til vinnslustöðva að tilgreindum mjög hættulegum efnum	7.12.1999
1999-0419-S	Reglugerð um breytingu á reglugerðum landbúnaðarráðsins (SJVFS) 1999:32 um yfirlýsingu um smit býflugna af býflugnapest og varroasis-veiki	8.9.1999
1999-0420-I	Drög að stöðlum um afkótara og ákvæðum um móttöku á sjónvarpsþáttum með takmörkuðum aðgangi	8.12.1999
1999-0421-NL	Breyting á reglugerð um viðskipti með lifandi dýr og afurðir	10.12.1999
1999-0422-B	Drög að konunglegum úrskurði um bann við markaðssetningu á tilteknum vörum sem innihalda klóruð parafín með stuttar sameindakeðjur	8.12.1999
1999-0423-I	Sérstakar tæknilegar reglugerðir (PTS) um rafbúnað fyrir svif- og togbrautir	22.12.1999
1999-0424-S	Forskriftir vinnuverndar- og heilbrigðismálastofnunarinnar um hámarks magn efna í tengslum við aðgerðir gegn loftmengun	14.12.1999
1999-0425-DK	Fyrirmæli um köfun og köfunarbúnað á grunnsævi	09.12.1999
1999-0426-A	Lög um býflugnahald og –eldi sem og um breytingu á lögum landbúnaðarráðs Vínarborgar (lög Vínarborgar um býflugnaeldi)	10.12.1999
1999-0427-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki á reykfákerfunum Santa Claus PPS STAR og PPS FLEX sem gerð eru úr pólýprópýleni	13.12.1999
1999-0428-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki á reykfákerfinu Santa Claus ALU STAR I AL	13.12.1999

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
1999-0429-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki á lyftupalli af gerðinni IME-AUTOLIFT	13.12.1999
1999-0430-A	Fyrirmæli borgarstjórnar Vínarborgar um tímabundið samþykki á styrktarstálneti M 550 sem framleitt er af Crampe Brandenburger Baustahl GmbH	13.12.1999
1999-0431-NL	Breyting á tæknilegum reglugerðum fyrir fjarskiptabúnað R 10-01	16.12.1999
1999-0432-DK	Fyrirmæli um endurnýtingu á úrgangi og jarðvegi í smíða- og byggingarvinnu	14.12.1999
1999-0433-D	Samþykkisforskrift Reg TP 325 ZV 28 um endabúnað til tengingar við almennan netaðgang að opinberu talsímaþjónustunni/ISDN í VIAG Interkom sem starfrækir merkjakerfi sem grundvallast á QSIG-samskiptareglunum	24.12.1999
⁽³⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94) þar sem dómstóllinn úrskurðaði að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 83/189/EBE á þann hátt að einstaklingar geti skírskotað til þeirra fyrir innlendum dómstól og að dómstólum bæri skylda til að að neita að beita innlendra tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt samkvæmt tilskipuninni.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Því leiðir brot á tilkynningarskyldunni til þess að viðkomandi tæknilegar reglugerðir gilda ekki og því er ekki hægt að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarnar fást hjá stjórnarsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins C 324, 30. október 1996.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykkja drög.

⁽³⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarríkið bar fyrir sig.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt 3. lið 2. mgr. 9. tl. 1. gr. í tilskipun 83/189/EBE.

⁽⁵⁾ Upplýsingameðferð lokið.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

99/EES/45/17

Mál C-197/99 P: Áfrýjað var þann 26. maí 1999 af Konungsríkinu Belgíu dómi uppkveðnum 25. mars 1999 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) í máli T-37/97 milli Forges de Clabecq SA, með stuðningi Konungsríkisins Belgíu, Vallóníu og Société Wallonne pour la Sidérurgie og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-261/99: Mál höfðað þann 13. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-263/99: Mál höfðað þann 16. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-264/99: Mál höfðað þann 16. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-265/99: Mál höfðað þann 16. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-266/99: Mál höfðað þann 16. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-267/99: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal d'Arrondissement de Luxembourg samkvæmt dómi þess dómstóls frá 15. júlí 1999 í málinu Urbing (née Adam) gegn Administration de l'Enregistrement et des Domaines.

Mál C-269/99: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Hamburg samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 23. júní 1999 í málinu Carl Kühne KG (GmbH & Co.), Rich. Hengstenberg GmbH & Co. og Ernst Nowka GmbH & Co. KG gegn Jütro Konservenfabrik GmbH.

Mál C-270/99 P: Áfrýjað var þann 19. júlí 1999 af Z dómi uppkveðnum 4. maí 1999 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) í máli T-242/97 milli Z og Evrópuþingsins.

Mál C-271/99: Mál höfðað þann 20. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-272/99: Mál höfðað þann 20. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-273/99 P: Áfrýjað var þann 20. júlí 1999 af B. Connolly dómi uppkveðnum 19. maí 1999 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) í máli T-203/95 milli Connolly og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-275/99: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Administratif de Strasbourg samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 22. júlí 1999 í málinu Société Adidas gegn Directeur des Services Fiscaux du Bas-Rhin.

Mál C-276/99: Mál höfðað þann 23. júlí 1999 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-277/99: Beiðni um forúrskurð frá Werwaltungsgerichtshof samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 29. júní 1999 í málinu Doris Kaske gegn Landesgeschäftsstelle des Arbeitsmarktservice Wien.

⁽¹⁾ Sjá Stjtið. EB C 281, 2. 10. 1999.

Mál C-280/99 P: Áfrýjað var þann 28. júlí 1999 af Moccia Irme SpA dómi uppkveðnum 12. maí 1999 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild með auknum fjölda dómara) í sameinuðum málum T-164/96, T-165/96, T-166/96, T-167/96, T-122/97 og T-130/97, höfðað af Moccia Irme SpA, Prolafer Srl, Ferriera Acciaieria Casilina SpA, Dora Ferriera Acciaieria Srl, Ferriera Lamifer SpA og Nuova Sidercamuna SpA, gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-281/99 P og C-282/99 P: Áfrýjað var þann 28. júlí 1999 af Ferriera Lamifer SpA (C-281/99 P) og Ferriera Acciaieria Casilina SpA (C-282/99 P) dómi uppkveðnum 12. maí 1999 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild með auknum fjölda dómara) í sameinuðum málum T-164/96, T-165/96, T-166/96, T-167/96, T-122/97 og T-130/97, höfðað af Moccia Irme SpA, Prolafer Srl, Ferriera Acciaieria Casilina SpA, Dora Ferriera Acciaieria Srl, Ferriera Lamifer SpA og Nuova Sidercamuna SpA, gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-283/99: Mál höfðað þann 29. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-284/99: Beiðni um forúrskurð frá Landesgericht Korneuburg (Austurríki) samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 5. júlí 1999 í málinu New Yorker S.H.K. Jeans GmbH gegn Ing. Jaroslav Kupco.

Mál C-287/99: Mál höfðað þann 30. júlí 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-289/99 P: Áfrýjað var þann 3. ágúst 1999 af Schiocchet, fyrirtæki stofnað samkvæmt frönskum lögum, dómi uppkveðnum 21. maí 1999 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) í sameinuðum málum T-169/98 og T-170/98 milli Schiocchet og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-292/99: Mál höfðað þann 3. ágúst 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-297/99: Beiðni um forúrskurð frá Nottingham Magistrates' Court (Breska konungsríkið) samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 30. júní 1999 í málinu Vehicle Inspectorate gegn 1) Skills Motor Coaches Ltd 2) B.J. Farmer 3) C.J. Burley og 4) B. Denman.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 99/EES/45/18

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júlí 1999 í máli T-266/97: Vlaamse Televisie Maatschappij NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (3. mgr. 90. gr. EB-sáttmálans (nú 3. mgr. 86. gr.) – réttur til að flytja mál – 1. mgr. 90. gr. EB-sáttmálans (nú 1. mgr. 86. gr.), lesin með hliðsjón af 52. gr. EB-sáttmálans (nú eftir breytingu 43. gr.) – einkaréttur á að sjónvarpa sjónvarpsauglýsingum í Flandri).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júlí 1999 í máli T-163/98: The Procter & Gamble Company gegn Office for Harmonisation in the Internal Market (vörumerki og hönnun) – (bandalagsmerki – hugtakið „Baby-Dry“ – rök fyrir synjun – endurskoðun áfýjunarnefndar – endurskoðun dómstólsins á fyrsta dómstigi).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júlí 1999 í máli T-194/95: Area Cova o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins (fiskveiðar – varðveisla fiskiauðlinda – samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi – grálúða – aflakvóti úthlutaður til flota bandalagsins – aðgerð til ógildingar – mál ekki tækt til efnismeðferðar).

(¹) Sjá Stjórnartíð. EB C 281, 2. 10. 1999.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júlí 1999 í máli T-12/96: Area Cova o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins (fiskveiðar – varðveisla fiskiauðlinda – samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi – grálúða – aflakvóti úthlutaður til flota bandalagsins – aðgerð til ógildingar – mál ekki tækt til efnismeðferðar).

Mál T-144/99: Mál höfðað 14. júní 1999 af Institute of Professional Representatives before the European Patent Office (EPI) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-155/99: Mál höfðað 25. júní 1999 af Dieckmann & Hansen GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-161/99: Mál höfðað 8. júlí 1999 af fyrirtækinu Navigazione Libera del Golfo gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-165/99: Mál höfðað 9. júlí 1999 af Omega Air Limited and Seven Q Seven Inc gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-168/99: Mál höfðað 13. júlí 1999 af Disputación Foral de Alava gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-170/99: Mál höfðað 20. júlí 1999 af RJB Mining gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-171/99: Mál höfðað 23. júlí 1999 af British Steel plc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-175/99: Mál höfðað 2. ágúst 1999 af UPS Europe NV/SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-178/99: Mál höfðað 6. ágúst 1999 af Sonia Marion Elder og Robert Dale Elder gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-179/99: Mál höfðað 6. ágúst 1999 af fyrirtækinu Sud Pesca gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-181/99: Mál höfðað 9. ágúst 1999 af Centro di Ricerca e Documentazione Febbraio 74 gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-186/99: Mál höfðað 17. ágúst 1999 af Saehan Media Ireland Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 30. júní 1999 í máli T-70/99 R: Alpharma Inc. gegn ráði Evrópusambandsins (málsmeðferð vegna tímabundinnar undanþágu – tímabundin niðurfelling á reglugerð (EB) nr. 2821/98 – basítasínsink tekið af lista yfir heimiluð aukefni – tilskipun 70/524/EBE – brýn þörf aðgerða).

Mál T-169/97 tekið af málaskrá: Farine Laziali SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.